

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 2. janúar 1989. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 273/1988.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 613 31. desember 1987, um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald af bifreiðum sem flokkast undir vörulið 8703 skal lagt á í eftirfarandi sjö gjaldflokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 3.-5. mgr.:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm ³	Gjald í %
I	0 – 700	0 – 1.000	16
II	701 – 800	1.001 – 1.300	24
III	801 – 900	1.301 – 1.600	31
IV	901 – 1.100	1.601 – 2.000	38
V	1.101 – 1.300	2.001 – 2.300	48
VI	1.301 – 1.500	2.301 – 3.000	58
VII	> 1.500	> 3.000	66

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, til að öðlast gildi 2. janúar 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur innflytjandi, áður en reglugerð þessi gengur í gildi, afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða þegar í stað bifreið sem gjaldskyld er og skal þá ekki innheimta hið hækkaða bifreiðagjald samkvæmt reglugerð þessari heldur bifreiðagjald samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 10. janúar 1989.

Hafi bifreið verið afhent innflytjanda fyrir 31. desember 1989 með leyfi tollyfirvalda, með eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, skal greiða af henni hið hækkaða bifreiðagjald samkvæmt reglugerð þessari nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. febrúar 1989 en þá skal greiða gjald samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 613/1987.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Lárus Ögmundsson.